



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	[Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 og búnaðarlögum nr. 70/1998. (Framlenging búvörusamninga)
Ráðuneyti og skrifstofa	[Atvinnuvegaráðuneyti – Skrifstofa landgæða og dýraheilsu.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	[9. júlí 2026

A. Tilefni

[Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?

Núgildandi búvörusamningar milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands (BÍ), þ.e. rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðar, samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningur um starfsskilyrði nautgriparæktar og samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, voru gerðir árið 2016. Þar er mælt fyrir um að samningarnir gildi til 10 ára. Samningarnir hafa verið endurskoðaðir nokkrum sinnum síðan þeir öðluðust gildi en síðasta endurskoðun fór fram á árinu 2023 og voru þá ekki gerðar veigamiklar breytingar á búvörusamningum, þar sem samningsaðilar voru sammála um að hefja strax samtal um starfsumhverfi landbúnaðar til framtíðar. Undirbúningur fyrir samtal stjórnvalda og BÍ hefur staðið yfir um nokkurt skeið og á árinu 2023 voru samþykktar af Alþingi tvær þingsályktanir er varða landbúnað til framtíðar, annars vegar matvælastefna til ársins 2040 og hins vegar landbúnaðarstefna til ársins 2040. Síðustu misseri hafa stjórnvöld átt í samtali við BÍ um starfsumhverfi landbúnaðar en fyrir liggur að meiri tíma þarf fyrir það samtal og er því tilefni þessa frumvarps að framlengja núgildandi búvörusamninga til ársloka 2027.

Með samkomulagi milli atvinnuvegaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands dags. 3. júní 2026 er kveðið á um að framlengja núgildandi búvörusamninga til og með 31. desember 2027 á meðan samtal um stuðningskerfi landbúnaðar til framtíðar fer fram á milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands.

Mælt er fyrir um gildistíma búvörusamninga í ákvæðum búvöru- og búnaðarlaga og því er nauðsynlegt að gera breytingar á núgildandi lögum svo samkomulag um framlengingu búvörusamninga öðlist gildi.]

B. Markmið

- [Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).**
- Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, dags. 21. desember 2024 kemur m.a. fram að ýtt verði undir vöxt og verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og að gripið verði til aðgerða til að efla nýsköpun í landbúnaði, auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti og draga úr orkukostnaði garðyrkjubænda. Þá er í matvælastefnu til ársins 2040 mælt fyrir um að skapaður verði skýr lagalegur rammi og starfsumhverfi sem styðji við verðmætasköpun á grunni sjálfbærrar nýtingar. Meginmarkmið landbúnaðarstefnu til ársins 2040 er að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stöðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Með framlengingu búvörusamninga er lagt til að veita aukið svigrúm til samtals um stuðningskerfi landbúnaðar til framtíðar með hliðsjón af framangreindum stefnum hins opinbera á þessu sviði.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu. Markmið frumvarpsins er að veita aukið svigrúm til að ljúka samtali stjórnvalda við Bændasamtök Íslands og aðra hagaðila eftir því sem við á, um stuðningskerfi landbúnaðar til framtíðar.
C. Útfærsla
1. Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu. Núgildandi búvörusamningar munu renna út 31. desember 2026 verði frumvarpið ekki að lögum og því þarf að gera breytingar á ákvæðum búvöru- og búnaðarlaga svo framlenging samninganna öðlist gildi. Áformaðar eru orðalagsbreytingar á ákvæðum búvöru- og búnaðarlögum í samræmi við samkomulag stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands. 2. Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar). Á ekki við.
D. Breytingar
Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Áformað er að gera breytingar á 37., 38., 41., 55. og 58. gr. búvörulaga. Þá eru áformaðar breytingar á 3. gr. búnaðarlaga. Með framangreindum breytingum er lagt til að núgildandi búvörusamningar sem gilda til og með 31. desember 2026 gildi til og með 31. desember 2027.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. [Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Áformin koma ekki inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Áformin varða ekki ákvæði EES-samningsins. 3. Eru önnur lög sem taka þarf tillit til? Frumvarpið hefur áhrif á fjárlög 2027 og hefur verið gert ráð fyrir framlengingu búvörusamninga við undirbúning fjárlaga.]
F. Samráð
1. [Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Bændur og matvælaframleiðendur, neytendur, hagsmunasamtök í landbúnaði og matvælaframleiðslu. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Frumvarpið skarast á við stjórnarmálefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins en samkomulag um framlenging búvörusamninga er unnið með fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þá verður frumvarpið sjálft unnið í samráði við ráðuneytið. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Samtal við Bændasamtök Íslands er hafið sem og fundað hefur verið með helstu hagaðilum í tengslum við endurskoðun á starfsumhverfi landbúnaðar. 4. Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð). Áformað er að drög að frumvarpi verði einnig birt í samráðsgátt þegar þau liggja fyrir.]

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa fjárhagsáhrif fyrir ríkið, þar sem ekki eru lagðar til breytingar á þeim framlögum sem gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun og fjárlögum fyrir árið 2027 til búvörusamninga, og áætlað er að framlögin nemi samtals um 19,4 milljörðum króna.
H. Gildistaka og næstu skref
1. Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar? Verði frumvarpið að lögum mun það hafa óveruleg áhrif á opinberar stofnanir og hagaðila þar sem aðeins er um framlengingu búvörusamninga að ræða en ekki breytingar á núgildandi stuðningskerfi landbúnaðar. Það svigrúm sem framlenging búvörusamninga með breytingu á búvöru- og búnaðarlögum mun skapa verður nýtt til samtals um stuðningskerfi landbúnaðar til framtíðar og nýtt til að undirbúa þær breytingar sem lagðar verða til. 2. Mælikvarðar á árangur. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á þeim mælikvörðum sem til staðar eru um árangur og útkomu búvörusamninga.
I. Annað
[
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa fjárhagsáhrif fyrir ríkið, þar sem ekki eru lagðar til breytingar á þeim framlögum sem gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun og fjárlögum fyrir árið 2027 til búvörusamninga, og áætlað er að framlögin nemi samtals um 19,4 milljörðum króna. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum. Samkomulag um framlengingu búvörusamninga dags. 3. júní 2026.